

Talía
Ferðasjóður fyrir leikhúslistamenn

Skipulagsskrá
frá 3.9. 2010

1. gr. Tilgangur og markmið

Talía er ferðasjóður fyrir leikhúslistamenn ætlaður félagsmönnum í Félagi íslenskra leikara (FÍL), Félagi leikstjóra á Íslandi (FLÍ) og Félagi leikskálda og handritshöfunda (FLH). Sjóðurinn styður við bakið á leikurum, dönsurum, söngvurum, leikmynda- og búningahöfundum, leikstjórum og leikskáldum sem þiggja boð um að sýna og/eða kynna list sína á erlendri grund. Markmið með starfsemi Talíu er að liðka fyrir samskiptum íslenskra leikara, dansara, söngvara, leikmynda- og búningahöfunda, leikstjóra og leikskálda við umheiminn og efla hlutverk Reykjavíkur í hringiðu alþjóðlegs leiklistarlífs. Með sjóðnum felst viðurkenning á hlut sviðslista í kynningu á Reykjavík sem alþjóðlegri menningarborg og eftirsóknarverðum áfangastað ferðamanna.

2. gr. Aðstandendur og framlög

Stofnfé Talíu 2010 byggir á eftirstöðvum inneignar Talíusjóðs er starfsræktur var árin 2006-2009 með framlagi frá Reykjavíkurborg, Glitni, Félagi íslenskra leikara, Félagi leikstjóra á Íslandi og Félagi leikskálda og handritshöfunda. Sjóðurinn hefur verið ávaxtaður í Glitni og síðar Íslandsbanka. Yfirlit um reikningsstöðu sjóðsins í Íslandsbanka við undirritun er fylgiskjal með skipulagsskrá þessari.

Stefnt er að því að veita allt að sex milljónum úr sjóðnum frá september 2010 t.o.m. september 2012 í samræmi við vinnureglur sem eru fylgiskjal með stofnskrá þessari.

3. gr. Sjóðsstjórn

Í stjórn sjóðsins skulu sitja fimm fulltrúar, einn tilnefndur af Reykjavíkurborg, tveir tilnefndir af FÍL, einn tilnefndur af FLÍ og einn tilnefndur af FLH. Sömu aðilar skipa fimm fulltrúa til vara. Fulltrúi Reykjavíkurborgar gegnir formennsku. Hæfisreglur sveitarstjórnarlaga gilda um stjórnarmenn.

Sjóðsstjórn fjallar um innkomnar umsóknir mánaðarlega nema í júlí og setur sér vinnureglur þar að lútandi. Ekki er heimilt að taka umsóknir til afgreiðslu á milli funda.

4. gr. Skilyrði styrkveitinga og skuldbinding styrkþega

Til að geta fengið úthlutun úr sjóðnum þarf umsækjandi að vera aðildarfélagi í einhverju áðurnefndra fagfélaga og leggja fram tilskilin gögn er staðfesti þátttöku hans í listviðburði, sem útheimtir tímabundna dvöl erlendis. Við úthlutun er aðeins tekið tillit til



gagna frá yfirstandandi starfsári. Umsóknir sendist til Félags íslenskra leikara. Tekið er við umsóknum allt árið um kring.

Styrkþegum ber að nýta fjármuni úr sjóðnum til þess að standa straum af ferðakostnaði. Styrkþegar undirgangast skuldbindingar gagnvart sjóðnum samkvæmt sérstökum samningi.


5. gr. Starfstími, varðveisla og rekstur

Talía mun starfa samkvæmt skipulagsskrá þessari frá september 2010 t.o.m. september 2012. Eftir hvert starfsár sjóðsins skal grein gerð fyrir starfsemi hans með ársskýrslu og hún borin undir fulltrúa Reykjavíkurborgar og fagfélaganna þriggja. Skal sú skýrslugjöf eiga sér stað fyrir 1. október hverju sinni. Haustið 2012 skal taka ákvörðun, m.a. með hliðsjón af árangri og starfsemi sjóðsins, um hvort sjóðnum skulið slitið eða hann starfræktur áfram.


Sjóðurinn skal vistaður hjá Félagi íslenskra leikara, sem varðveitir jafnframt gerðarbók hans og gögn. Rekstur sjóðsins skal greiddur af eigin fé samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Leita skal staðfestingar menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og stjórnar Félags íslenskra leikara (FÍL), Félags leikstjóra á Íslandi (FLÍ) og Félags leikskálda og handritshöfunda (FLH) á skipulagsskrá þessari.


Reykjavík 3. september



f.h. Menningar- og ferðamálasviðs
Reykjavíkurborgar




f.h. Félags íslenskra leikara



f.h. Félags leikstjóra á Íslandi



f.h. Félags leikskálda og handritshöfunda

Nettar: 
Hrafnhildur Theodorssdóttir